

## **Thorsil ehf.**

Suðurlandsbraut 30,  
108 Reykjavík.

Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík

Reykjavík 10. júní, 2014

**Varðar:** Starfsleyfistillaga fyrir kísilmálmverksmiðju Stakksbrautar 9 ehf. í Helguvík. Athugasemdir Thorsils ehf.

### **Inngangur**

Umhverfisstofnun hefur auglýst starfsleyfistillögu fyrir kísilmálmverksmiðju Stakksbrautar 9 ehf. í Helguvík fyrir allt að 100.000 tonna ársframleiðslu. Thorsil ehf. hefur gert samning við Helguvíkurhöfn um leigu á lóð sem staðsett er mjög nálægt lóð Stakksbrautar 9 ehf. Thorsil hefur hafið mat á umhverfisáhrifum fyrir kísilmálmverksmiðju sem fyrirtækið hyggst reisa á þessari lóð. Thorsil ehf. gerir eftirfarandi athugasemdir við starfsleyfistillöguna fyrir kísilmálmverksmiðju Stakksbrautar 9 ehf.

### **Verksmiðja Stakksbrautar 9 ehf.**

Fyrirhuguð framkvæmd Stakksbrautar 9 ehf. lauk ferli mats á umhverfisáhrifum árið 2013. Samkvæmt matsskýrslu verksmiðjunnar og starfsleyfistillögunni er gert ráð fyrir að útblástur verði losaður um rjáfur pokasíuhúss. Við útreikninga á loftdreifingu samanastendur losunarstaðurinn af röð af 60 litlum reykháfum í mænishæð hússins. Samkvæmt matsskýrslu Stakksbrautar 9 ehf. er gert ráð fyrir að loftsíuhús verði um 22 m á hæð. Ekki er gert ráð fyrir sérstökum skorsteini frá pokasíuhúsi né virðist vera gert ráð fyrir neyðarskorsteini frá fyrirhugaðri verksmiðju.

Fyrirhuguð verksmiðja er einungis í nokkur hundruð metra fjarlægð frá fyrirhugaðri verksmiðju Thorsils ehf. Hluti lóðar Stakksbrautar 9 ehf. liggur um 15 – 20 metrum neðar í landinu við Helguvíkurhöfn en lóð Thorsils ehf. Landhæð lóðar fyrir fyrirhugaða verksmiðju Thorsils ehf. verður því ekki fjarri mænishæð sumra bygginga verksmiðju Stakksbrautar 9 ehf.

### **Athugasemdir**

Thorsil ehf. vill hér með koma á framfæri athugasemdum við að ekki sé gert ráð fyrir skorsteini á fyrirhugaðri verksmiðju Stakksbrautar 9 ehf. Með því að hafa ekki skorstein á

verksmiðjunni getur átt sér stað niðurdráttur útblásturs við lóð Thorsils ehf. og hugsanlega valdið mengun á lóðinni og í því vinnuumhverfi sem verður í og við verksmiðju Thorsils ehf. Vakin er athygli á því að grundvöllur góðrar loftdreifingar er nægjanlega hár hiti, góður útblásturshraði og háir skorsteinar til að tryggja betri dreifingu. Til að mynda má benda á að samkvæmt mati á umhverfisáhrifum kísilmálmverksmiðju PCC á Bakka við Húsavík (unnið af EFLU verkfræðistofu 2013) er gert ráð fyrir 30 metra háum skortseinum fyrir hvern áfanga verksmiðjunnar.

Thorsil gerir þá kröfu að losun útblásturs verði með nægjanlega háum skorsteinum þar sem fullnægjandi hiti og útblásturshraði verði til staðar til að tryggja öruggt vinnuumhverfi á nærliggjandi lóðum með betri dreifingu á útblæstri frá fyrirhugaðri verksmiðju Stakksbrautar 9 ehf. Einnig er hér komið á framfæri að ekki er gert ráð fyrir neyðarskorsteini frá fyrirhugaðri verksmiðju en Thorsil ehf. telur slíkt afar mikilvægt, sérstaklega þegar horft er til þess að ofnahús Stakksbrautar 9 ehf. munu liggja 15 – 20 metrum neðar í landinu en flest önnur starfsemi sem fyrirhuguð er á iðnaðarsvæðinu við Helguvík.

Virðingarfyllst,

f.h. Thorsil ehf.



Hákon Björnsson, framkvæmdastjóri.